

Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 17. maí 2010
2010050002/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi (heildarlög), 574. mál.


Vísað er til bréfs/tölvupósts frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 3. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi (heildarlög), 574. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki sérstakar athugasemdir við innleiðingu þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Stofnunin vill þó gera tillögu að breytingu á 15. gr. frumvarpsins *Ívilnun vegna umhverfistengdra fjárfestingarverkefna*, en þar segir m.a.: *Almenn ívilnun vegna fjárfestingarverkefnis getur samkvæmt lögum þessum verið í formi ívilnunar til fyrirtækja vegna umhverfistengdra nýfjárfestinga sem fela í sér m.a. orkusparnað eða minni losun gróðurhúsalofttegunda*. Hér er eingöngu vísað til nýfjárfestinga sem fela í sér orkusparnað eða minni losun gróðurhúsalofttegunda. Í tilskipun ESB er hins vegar fjallað um umhverfisvernd almennt og sérstaklega er fjallað um umhverfisvernd sem gengur lengra en þörf er á skv. reglum viðkomandi samfélags. Náttúrufræðistofnun telur nauðsynlegt að þessi skilningur komi fram í lögnum og leggur til að orða umrædda setningu með eftirfarandi hætti. *Almenn ívilnun vegna fjárfestingarverkefnis getur samkvæmt lögum þessum verið í formi ívilnunar til fyrirtækja vegna umhverfistengdra nýfjárfestinga sem fela í sér umbætur í umhverfis- og náttúruvernd og t.d. orkusparnað eða minni losun gróðurhúsalofttegunda.....*

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson